



Minnisblað

Efni: Metin áhrif áforma um lánveitingar til OR í fjárhagsáætlunarlíkani borgarinnar 2011-2016

Fyrir borgarráði liggur tillaga um að samþykkja lánveitingu til Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð 12 milljarðar í réttu hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar. Fyrri lánveitingin kemur til 1. apríl 2011 að fjárhæð 7.483 mkr og hin seinni 3.742 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2013. Umrædd lánveiting verður í formi víkjandi láns til 15 ára með 4,25% verðtryggðum vöxtum og afborgunarlaust fyrstu fimm árin.

Til að átta sig betur á áhrifum þessarar lánveitingar á fjárhagsstöðu A-hluta borgarsjóðs tímabilið 2011-2016 er hér stillt upp rekstri, efnahag og sjóðsstreymi í fjárhagsáætlunarlíkani Fjármálaskrifstofu borgarinnar. Áður en dregnar eru ályktanir út frá þessum niðurstöðum verður að gera eftirfarandi fyrirvara:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra liggur ekki fyrir.
2. Forsendur um þróun atvinnutekna, verðlags, vaxta, launataxta og gengis árin 2012-2016 liggja ekki fyrir. Meðfylgjandi áætlun byggist á magnbreytingum og föstu verðlagi eins og gert er ráð fyrir við gerð 3ja ára áætlunar.
3. Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum og rekstrarútgjöldum Aðalsjóðs árin 2012-2016, þ.e. sömu og 2011. Þannig er bæði gert ráð fyrir óbreyttum skatttekjum, óbreyttum velferðarútgjöldum og óbreyttum útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga m.v. áætlun 2011.
4. Miðað er við 3% meðalávöxtun handbærs fjár árin 2012-2016. Ekki er gert ráð fyrir ábyrgðargjaldi frá Landsvirkjun frá og með 2012.
5. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum Eignasjóðs að því frátöldu að söluhagnaður er minni en áætlun 2011 gerir ráð fyrir og afskriftir aukast vegna fjárfestinga á tímabilinu.
6. Miðað er við að leigueignir og leiguskuldir hafi sömu áhrif á rekstur og efnahag árin 2012-2016 eins og 2011 enda ekki gert ráð fyrir að fleiri stórar eignir verði teknar á leigu á þessu tímabili.
7. Fjárfestingaráætlun og áætlun um fjármögnun hennar árin 2012-2016 liggur ekki fyrir. Í þessari áætlun eru gerðar eftirfarandi forsendur um fjárfestingar: 2.600 mkr árið 2012, 2.000 mkr árið 2013, 1.800 mkr árið 2014, 2.150 mkr árið 2015 og 2.150 mkr árið 2016. Miðað er við að þessar fjárfestingar verði fjármagnaðar með langtímalánum.

Áhrif væntanlegra lánveitinga Reykjavíkurborgar til Orkuveitu Reykjavíkur vegna aðgerðaáætlunar á fjárhag A-hluta borgarsjóðs eru í meginatriðum þessi að öðru óbreyttu:

- ✓ **Rekstur A-hluta:** Ávöxtun lánsins m.v. 4,25% verðtryggða vexti. Lán borgarsjóðs í erlendum gjaldeyri eru mikill minnihluti skulda og gengi hefur þess vegna lítil áhrif á fjárhag A-hluta. Fjárhagsáætlunarlíkanið m.v. 2% verðbólgu innan þessa árs samkvæmt fjárhagsáætlun 2011 og reiknar árið út frá hálfársstöðu sem leiðir til heldur hærrí fjármagnstekna á árinu en gildandi fjárhagsáætlun þannig að rekstrarniðurstaða ársins batnar úr um 65 mkr í 310 mkr. Á árinu 2012 eru um 2,2 milljarðar til greiðslu af erlendum lánum og þá eru eftirstöðvar um 460 mkr. Erlendu lánin eru greidd upp á árinu 2015. Þessi lán eru að stærstum hluta á föstum vöxtum. Hugsanlegar vaxtahækkningar á alþjóðlegum mörkuðum eða gengisbreytingar hafa þannig lítil og alls engin áhrif á



A-hluta borgarsjóðs eftir 2015. Almennt er ekki gert ráð fyrir miklum verðlagsbreytingum í spám helstu spáaðila. Niðurstaða rekstrar A-hluta versnar talsvert eftir árið 2011 sem ræðst einkum af því að borgin hættir að fá ábyrgðargjald frá Landsvirkjun, ávöxtunarkjör á handbæru fé versna, minni söluhagnaður verður í Eignasjóði en skv áætlun 2011 og afskriftir aukast.

Rekstur A-hluta er viðkvæmur fyrri þróun atvinnutekna á þessu tímabili, 2012-2016, en atvinnutekjur ráða mestu um aðaltekjulind borgarinnar, útsvarið. Hagspá ASÍ frá október 2010 gerir ráð fyrir fremur veikum hagvexti 2011 (1,7%) og 2012 (1,7%) en heldur meiri 2013 (3,8%). Nýleg spá Seðlabanka Íslands spáir meiri hagvexti eða 2,8% árið 2011, 3,2% árið 2012 og 3,4% árið 2013. Dreifing hagvaxtar á landshluta skiptir væntanlega miklu máli fyrir þróun vinnuafseftirspurnar á höfuðborgarsvæðinu og fyrir útsvar Reykvíkinga en þessi gögn liggja ekki fyrir í nýrri spám. Fasteignagiöld eru einnig mikilvæg tekjulind og þau ráðast einkum af fasteignamati sem byggist á mati á markaðsverði fasteigna. Það aftur hangir saman við kaupmátt atvinnutekna hverju sinni.

- ✓ **Efnahagur A-hluta:** Lánveitingin dregur úr veltufé á eignahlið efnahags en stækkar langtímakröfur um sömu fjárhæð, fyrst árið 2011 og síðan aftur árið 2013. Ekki er gert ráð fyrir að lánveitingarnar sem slíkar hafi áhrif á heildartölur eigna í efnahag, hvorki á árinu 2011 né yfir tímabilið 2012-2016.

Langtímaskuldir vaxa jafnt og þétt árin 2012-2016 í sama takti og fjárfestingar en þáttur erlendra lán minnkar uns þau eru upp greidd 2015. Af þeirri ástæðu hefur gengi gjaldmiðla sífellt minni áhrif á efnahag A-hlutans. Langstærsti hluti eftirstöðva erlendra lána er í kúluláni á föstum vöxtum í breskum pundum sem kemur til uppgreiðslu á árinu 2012.

- ✓ **Sjóðsstreymi A-hluta:** Sjóðsstreymi sýnir áframhaldandi hátt veltufé frá rekstri enda þótt það sé um 1 milljarði lægra 2012 en skv fjárhagsáætlun 2011. Áformin um lánveitingu 2011 minnkar handbært fé í árslok, en það stendur engu að síður í hárrí fjárhæð eða 8.297 mkr í árslok. Hliðstætt gerist við áformaða lánveitingu 2013 en handbært fé eykst engu að síður á árinu 2013 vegna handbærs fjár úr rekstri. Með þeim forsendum sem hér hafa verið lagðar til grundvallar vex staða á handbæru fé jafnt og þétt út tímabilið og endar í tæpum 10,1 milljörðum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Sveifarsjóður - A hluti

	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Drög 2012	Drög 2013	Drög 2014	Drög 2015	Drög 2016
REKSTRARREIKNINGUR								
Tekjur:								
Skatttekjur.....	53.376.496	50.200.873	50.679.202	50.679.202	50.679.202	50.679.202	50.679.202	50.679.202
Framlög jöfnunarsjóðs.....	2.372.441	2.398.595	2.368.661	2.366.661	2.366.661	2.366.661	2.366.661	2.366.661
Aðrar tekjur.....	9.019.336	10.690.162	11.555.180	11.234.380	11.234.380	11.234.380	11.234.380	11.234.380
	60.023.391	58.592.340	59.867.521	59.546.721	59.546.721	59.546.721	59.546.721	59.546.721
Gjöld:								
Laun og launatengd gjöld.....	29.272.623	32.560.955	32.052.358	32.052.358	32.052.358	32.052.358	32.052.358	32.052.358
Annar rekstrarkostnaður.....	25.373.421	24.274.179	24.501.207	24.501.207	24.501.207	24.501.207	24.501.207	24.501.207
Aðskrifir.....	2.311.425	2.960.095	3.204.882	3.350.091	3.408.405	3.451.300	3.461.250	3.471.300
	56.957.469	59.795.228	59.758.447	59.903.656	59.961.970	60.004.865	60.014.815	60.024.865
Niðurstaða án fjármagnslíða	3.065.922	1.292.888	109.074	(366.935)	(415.749)	(453.144)	(458.094)	(478.144)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	232.960	1.777.625	200.695	(409.348)	(33.412)	(561.202)	(505.328)	(621.032)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	8.129.603	3.198.553	2.095.607	1.088.287	1.495.246	1.010.581	1.048.275	1.084.033
Vaxatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	0	72.735	64.642	43.590	40.138	37.802	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(7.512.346)	(1.995.895)	(1.959.553)	(1.541.225)	(1.509.796)	(1.609.586)	(1.653.603)	(1.705.066)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	(384.297)	502.232	0	0	0	0	0	0
	232.960	1.777.625	200.695	(409.348)	(33.412)	(561.202)	(505.328)	(621.032)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	3.298.882	574.737	309.770	(766.283)	(448.661)	(1.019.346)	(1.073.422)	(1.099.176)
Rekstrarniðurstaða.....	3.298.882	574.737	309.770	(766.283)	(448.661)	(1.019.346)	(1.073.422)	(1.099.176)
				* Á föstu verðlagi				



Sveitarsjóður - A hluti

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Drög 2012	Drög 2013	Drög 2014	Drög 2015	Drög 2016
Fasteignir	70.631.164	71.746.875	73.656.599	73.707.515	73.195.916	72.475.622	71.842.578	71.068.052
Veitukerfi, hafnarmannviki og götur	8.437.430	10.318.013	11.480.597	11.499.980	11.429.563	11.330.946	11.452.130	11.614.513
Aðrar eignir	1.270.094	1.317.047	1.348.501	1.055.954	757.408	452.861	181.314	0
Leigugeignir	10.229.513	9.701.670	9.173.827	8.645.984	8.118.142	7.590.299	7.062.456	6.534.613
	90.568.201	93.083.606	95.659.524	94.909.433	93.501.028	91.849.728	90.538.478	89.217.178

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignahlutir í félögum	6.290.165	6.378.285	6.563.920	6.749.555	6.935.190	7.120.825	7.306.460	7.492.095
Langtímakröfur	960.782	1.528.443	9.668.916	9.563.856	13.389.679	13.284.619	12.393.395	11.607.231
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	1.000.654	926.638	1.033.628	973.256	916.848	863.017	863.017	863.017
Aðrar langtímakröfur	2.691.983	2.691.983	2.674.827	2.674.827	2.674.827	2.674.827	2.674.827	2.674.827
	10.943.584	11.525.350	19.941.281	19.961.494	23.916.544	23.943.287	23.237.699	22.637.170
	101.511.785	104.608.956	115.600.815	114.870.927	117.417.572	115.793.015	113.776.177	111.854.348

Fastafjármunir

Veitufjármunir:

Biðgöf	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur:								
Óinnheimtar tekjur	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	428.657	780.294	1.228.240	1.226.962	1.226.605	1.226.248	1.225.891	1.225.534
Aðrar skammtímakröfur	1.281.227	1.385.227	1.281.227	1.281.227	1.281.227	1.281.227	1.281.227	1.281.227
Næsta árs afborganir langtímakrafna	1.031.010	530.039	217.320	165.432	161.468	156.891	891.224	786.164
Næsta árs greiðslur annarra langtíkr.	0	0	0	0	0	0	0	0
Verðbréf	0	0	0	0	0	0	0	0
Handbætt fé	13.205.911	13.780.321	8.297.160	7.940.750	5.706.945	6.980.819	8.172.778	10.141.264
	22.646.511	23.175.587	17.723.674	17.314.077	15.075.951	16.346.891	18.270.826	20.133.895
Veitufjármunir	124.158.296	127.784.542	133.324.488	132.185.004	132.493.523	132.139.907	132.047.002	131.988.242

Eignir samtals

Sveifarsjóður - A hluti

31. DESEMBER

Eigið fé og skuldir

Eiginfjárreikningar:

	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Drög 2012	Drög 2013	Drög 2014	Drög 2015	Drög 2016
Eigið fé.....	77.367.490	77.942.227	78.251.996	77.485.714	77.037.053	76.017.706	74.944.284	73.845.108
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0	0	0	0	0

Skuldbindingar:

Lífeyriskuldbindingar.....	9.131.541	8.931.541	8.631.541	8.331.541	8.031.541	7.731.541	7.431.541	7.131.541
Aðrar skuldbindingar.....	49.642	49.642	49.642	49.642	49.642	49.642	49.642	49.642
Samtals	9.181.183	8.981.183	8.681.183	8.381.183	8.081.183	7.781.183	7.481.183	7.181.183

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	13.942.687	17.868.875	21.628.449	23.189.487	24.213.464	24.994.106	26.176.574	27.361.990
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0	0	0
Leiguskuldir.....	12.587.013	13.635.268	13.907.973	13.907.973	13.907.973	13.907.973	13.907.973	13.907.973
Samtals	26.529.700	31.504.143	35.536.422	37.097.461	38.121.437	38.902.079	40.084.547	41.269.963

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárför.....	0	0	0	0	0	0	0	0
Víðskiptaskuldir.....	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	365.728	5.001	5.001	93.001	186.001	325.001	472.001	627.001
Næsta árs atborganir langtímaskuldur.....	2.896.233	1.790.026	3.287.924	1.565.683	1.505.886	1.551.975	1.503.024	1.503.025
Aðrar skammtímaskuldir.....	5.320.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833
Samtals	11.079.923	9.356.989	10.854.887	9.220.646	9.253.850	9.438.939	9.536.988	9.691.988
Skuldir og skuldbindingar samtals	46.790.806	49.842.315	55.072.492	54.699.290	55.456.470	56.122.200	57.102.718	58.143.134

Eigið fé og skuldir samtals

Samtals	124.158.296	127.784.542	133.324.488	132.185.004	132.493.523	132.139.907	132.047.002	131.988.242
----------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------



Sveitarsjóður - A hluti

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

Rekstrarhreyfingar:

	Rauntölur 2009	Útkomuspá 2010	Áætlun 2011	Drög 2012	Drög 2013	Drög 2014	Drög 2016	Drög 2016
Nidurstæða ársins.....	3.298.882	574.737	309.770	3.350.091	448.661	1.019.348	1.099.422	1.099.422
Líðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:								
Reiknaðar afskrif.....	2.311.425	2.960.095	3.204.882	3.350.091	3.408.405	3.451.300	3.461.250	3.471.300
Verðbætur og gengismunur.....	1.075.366	210.500	392.709	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna.....	244.065	135.550	420.800	100.000	160.000	100.000	100.000	100.000
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	17.156	0	0	0	0	0
Aðrar breytingar.....	1.223.270	0	0	0	0	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum.....	1.530.539	1.100.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Velturé frá rekstri (till rekstrar)	6.622.449	4.709.831	4.603.717	3.583.808	3.959.744	3.431.954	3.387.828	3.372.124

Breytingar á skammtímalíðum:

Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun).....	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun).....	140.488	164.000	104.000	0	0	0	0	0
Aforganir skuldbindinga.....	1.046.289	1.300.000	1.400.000	400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	412.398	256.000	0	0	0	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	2.565.924	1.660.000	1.298.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000	1.400.000
Handbært frá rekstri (till rekstrar)	4.057.425	3.049.831	3.307.717	2.183.808	2.559.744	2.031.954	1.987.828	1.972.124

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	4.840.114	5.600.000	5.600.000	2.800.000	2.000.000	1.600.000	2.150.000	2.150.000
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	395.959	260.000	440.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	199.725	88.120	185.635	185.635	185.635	185.635	185.635	185.635
Langtímakröfur, breyting.....	622.309	0	7.693.766	105.060	3.824.823	105.060	105.060	891.224
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	30.000	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur vð eigin fyrirtæki, breyting.....	0	89.111	108.172	112.260	60.372	56.408	53.831	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	1	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	4.843.190	5.359.069	13.347.595	2.458.315	5.851.086	1.724.107	2.076.744	1.344.411

Fjármögnunarbreyfingar:

Vískiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	742.364	447.940	89.278	93.357	139.357	147.357	155.357
Tekin ný langtímalán.....	6.000.000	4.866.700	6.300.000	2.600.000	2.000.000	1.800.000	2.150.000	2.150.000
Aforganir langtímalána.....	1.333.778	1.280.749	1.296.916	278.202	1.054.820	973.269	1.016.463	964.564
Langtímask. vð eigin fyrirtæki, breyting.....	18.709	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarbreyfingar	4.684.931	2.863.587	4.556.738	71.924	1.057.537	966.088	1.280.875	1.340.773

Hækkun (lækkun) á handbæru fé

Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun.....	3.899.166	574.410	5.483.140	356.430	2.233.809	1.273.874	1.191.959	1.968.486
Handbært fé (fjárför) í árslok.....	9.306.745	13.205.911	13.780.321	8.297.180	7.940.750	5.706.945	6.980.819	8.172.777
Handbært fé (fjárför) í árslok.....	13.205.911	13.780.321	8.297.180	7.940.750	5.706.945	6.980.819	8.172.777	10.141.263



Minnisblað

Efni: Áhrif væntanlegra lánveitinga skv. tillögum að aðgerðaáætlun á fjárhag borgarsjóðs

Fyrir borgarráði liggur tillaga um að samþykkja lánveitingu til Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð 12 milljarðar í réttu hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar. Hér fylgir stutt greinargerð um áhrif þess að veita OR umrætt lán, einnig er gerð grein fyrir áhrifum hækkana á gjaldskrá og ennfremur gerður samanburður á áhrifum þess fyrir borgarsjóð að auka stofnfé OR með eiginfjárframlagi í stað lánveitingar.

Áhrif væntanlegra lánveitinga Reykjavíkurborgar til Orkuveitu Reykjavíkur vegna aðgerðaáætlunar á fjárhag A-hluta borgarsjóðs eru í meginatriðum þessi að öðru óbreyttu:

1. Rekstur: Ávöxtun lánsins m.v. 4,25% verðtryggða vexti. Það gefur ekki minni fjármagnstekjur á árinu en áætluð meðalnafnávöxtun lausafjár skv. fjárhagsáætlun 2011 sem talin er nema 5% vöxtum. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á rekstur. Ef boðuð höft verða áfram á gjaldeyrismörkuðum og innlent vaxtastig helst lágt eru ekki sérstakar líkur á að umræddar lánveitingar hafi teljandi áhrif á fjármagnslið A-hluta borgarsjóðs á tímabilinu 2012-2016.
2. Efnahagur: Lánveitingin dregur úr veltufé á eignahlið efnahags en stækkar langtímakröfur um sömu fjárhæð. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á niðurstöður eigna í efnahag af þessum sökum, hvorki á árinu 2011, sjá meðfylgjandi töflu 1, né yfir tímabilið 2012-2016.
3. Sjóðsstreymi: Lánveiting 2011 minnkar handbært fé í árslok, sjá meðfylgjandi töflu 2, en það stendur engu að síður í hári fjárhæð eða 8,432 mkr.

Umrædd lánveiting verður í formi víkjandi láns með 4,25% verðtryggðum vöxtum og afborgunarlaust fyrstu fimm árin. Með því að veita lánið í formi víkjandi láns verður þessi krafa sjálfkrafa aftan við kröfur annarra lánveitenda OR. Í þessu fyrirkomulagi liggur sú áhætta að endurgreiðslu getur seinkað.

Aðgerðaáætlun OR gerir ennfremur ráð fyrir 45% hækkun taxa fráveitugjalds sem hefur áhrif á rekstur og fjárhag A-hluta borgarsjóðs. Útgjaldaauki Eignasjóðs vegna fasteigna borgarinnar er talinn nema um 42 mkr á árinu 2011 en nemur að öðru óbreyttu um 63 mkr á ársgrundvelli 2012-2016. Útgjaldaauki Aðalsjóðs vegna niðurgreiðslu á fráveitugjöldum elli- og örorkullífeyrisþegar er áætlaður um 38 mkr en nemur að öðru óbreyttu á ársgrundvelli um 57 mkr 2012-2016. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitu hækki um 8%. Áætluð áhrif þess á fagsviðin á árinu 2011 eru áætluð um 9 mkr, sjá töflu 6, en 13,5 mkr á ársgrundvelli. Kostnaðaraukinn á árinu 2011 er þannig í heild um 89 mkr en mun að öðru óbreyttu nema um 133,5 mkr á tímabilinu 2012-2016. Gert er ráð fyrir að þessir liðir verði fjármagnaðir af ófyrirséðu hafa þessar breytingar ekki áhrif á rekstur eða efnahag A-hluta skv. gildandi fjárhagsáætlun.

Ekki er hér gerð tilraun til að stilla upp rekstri, efnahag og sjóðsstreymi fyrir árin 2012-2016 enda skortir til þess forsendur t.d. liggur ekki fyrir endanleg fjárhagsáætlun 2011 m.t.t. málefna fatlaðra eða forsendur um tekjuþróun og fjárfestingar á tímabilinu. Í ofangreindu er rakið það sem að mati undirritaðs skiptir máli í þessu



sambandi. Við gerð fimm ára áætlunar þarf m.a. að meta hver er æskileg lágmarkslausafjárstaða borgarsjóðs vegna bakábyrgðarhlutverks Reykjavíkurborgar en þeirri spurningu er ekki hægt að svara hér.

Í þessu samhengi er áhugavert að bera saman áhrif áformaðra lánveitinga á fjárhag A-hluta borgarsjóðs við eiginfjárframlag TIL OR.

1. Rekstur: Fjármagnstekjur myndu lækka þegar á árinu 2011 og má gera ráð fyrir að þetta myndi leiði til um 308 mkr taps á rekstri A-hluta borgarsjóðs, sjá töflu 3, og samdráttar á eigin fé, sbr tafla 4. Þannig kallar þessi leið á auknar tekjur A-hluta eða aukna hagræðingu til að veða á móti lækkun tekna. Á ársgrundvelli nemur vaxtatapið að öðru óbreyttu tæpum 500 mkr sem hefur sambærileg áhrif á rekstrarniðurstöðu og eigið fé árin 2012-2016.
2. Efnahagur: Eiginfjárframlagið dregur úr veltufé á eignahlið efnahags en eiginfjárframlagið eykur tilsvarendi bókfærða eignarhluti í dótturfélögum, sjá töflu 4.
3. Sjóðsstreymi: Eiginfjárframlög minnkar handbært fé í árslok mun meira en lánveitingar, sjá töflu 5, vegna neikvæðra áhrifa á rekstrarniðurstöðu.

Nánari um samanburð á leiðum:

Ef að A-hluti lána OR (B-hluta) lækkar handbært fé A-hluta um sömu fjárhæð en langtímakröfur A-hluta vaxa að sama skapi. Eignir A-hluta og efnahagur stendur óhaggaður og mikilvægar kennitölur eins og eiginfjárlutfall og greiðsluhæfislutföll standa óhöggud. Fjárhagslegur styrkur A-hluta stendur en lausafjárstaðan hefur rýrnað. Ávöxtun lausafjár m.v. 4,25% verðtryggs vexti gefur tæpast minni fjármagnstekjur á árinu en áætluð meðal-nafnávöxtun lausafjár skv. fjárhagsáætlun 2011 sem talin er nema 5% vöxtum¹. Við þetta aukast kröfur A-hluta á OR (B-hluta) sem nemur láninu og vaxtagreiðslum af því en aðrar skuldir og skuldbindingar OR minnka á móti. Sjóðsstreymi og vaxtaþekja OR batnar.

Ef A-hluti leggur fram aukið eigið fé til OR í stað víkjandi láns hækkar eign í efnahag (stofnfjárukning) en handbært fé A-hluta lækkar sem þessu nemur. Þá lækka fjármagnstekjur A-hluta, sem gæti numið um 2.800 mkr yfir tímabilið 2011-2016 auk verðbóta og ábyrgðagjalds, þar af 260 mkr á árinu 2011 (aук verðbóta og ábyrgðagjalds). Lækkun fjármagnstekna (Aðalsjóðs, A-hluta) kallar að öðru óbreyttu á tilsvarendi lækkun útgjalda fagsviða borgarinnar til að mæta þessari breytingu á fjárhagsáætlun. Eiginfjárframlag í stað lánafyrirgreiðslu A-hluta veldur því að mikilvægar kennitölur A-hluta versna gagnvart lánshæfi sem aftur getur haft neikvæð áhrif á lánshæfismat A-hluta, ávöxtunarkjör og getu sem bakábyrgðaraðila gagnvart B-hluta.

Frá bæjardryrum OR lítur málið þannig út að eiginfjárframlag í stað víkjandi lána myndi bæta eiginfjárlutfall OR og framlag eigenda án vaxtakröfu myndi bæta afkomu og eigið fé enn frekar eins og fram kemur að ofan. Það hefur jákvæð áhrif á tiltrú fjárfesta að öðru jöfnu. Áhrifin af 8 ma lausafjárnspýtingu miðað við stöðu efnahags OR í lok þriðja ársfjórðungs 2010 eru mismunandi á eiginfjárstöðu að öðru jöfnu eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.² Til samanburðar eru einnig metin áhrif 4% veikingar á gengi krónu sem er einmitt veiking krónunnar m.v. þróun gengisvísitölu (GVT) frá þriðja ársfjórðungi 2010 til 23 mars 2011. Í tilvikum eiginfjárframlags eigenda er gert ráð fyrir að eiginfjárframlagið sé nýtt til að niðurgreiða lán en leið víkjandi lána felur einfaldlega í sér endurfjármögnun lána sem hefur ekki áhrif á eiginfjárlutfall.

¹ Ef gert er ráð fyrir 2% verðbólgu 2011 er áætluð ávöxtun m.v. verðtryggt um 3%

² Miðað við 8 ma fjárnspýtingu.



OR samstæða	Raun 3Q 2010.	Staða með eiginfjárframlagi	Staða mv. einföld áhrif af 4% gengisveikingu erlendra lána
Eigið fé (mkr)	57.446	65.446	49.700
Skuldir (mkr)	228.583	220.583	228.583
Eiginfjárlutfall	20,1%	22,9%	17,9%

Hvort sem farin er eiginfjárframlagsleið eða víkjandi lánaleið eigenda eru áhrifin á samstæðu Reykjavíkurborgar lækkun handbærs fjárs og lækkun langtíma skulda samstæðunnar. Með víkjandi láni eigenda er verið að lágmarka fjármagnsgjöld samstæðu Reykjavíkurborgar eins og kostur er og um leið að tryggja ásættanleg ávöxtunarkjör A-hluta til lengri tíma litið og lágmarka áhættu samstæðunnar eins og kostur er.

Meginrökin fyrir því að velja lánleið fremur en eiginfjárframlag eru eftirfarandi:

1. Fjárhagslegur bolmagn og kennitölur A-hluta verður áfram óskert. Það skiptir í dag meginmáli gagnvart fjármálamörkuðum. Það skiptir einnig máli í því tilliti að A-hluti kann á næstu misserum að standa frammi fyrir enn fleiri áskorunum en þeirri sem er tilefni aðgerðaáætlunar vegna OR nú.
2. Fjármagnstekjur A-hluta minnka ekki. Ef farin er aukningar eiginfjár myndu fjármagnstekjur A-hluta minnka um 2,8 milljarða yfir sex ára tímabil auk verðbóta og ábyrgðagjalds en slíkur samdráttur fjármagnstekna myndi að öðru óbreyttu kalla á tilsvarendi samdrátt í útgjöldum fagsviða borgarinnar.
3. Lánaleiðin hefur jafnframt þann kost umfram eiginfjárinnsþýtingu að í því felst að eigendur koma fram gagnvart OR eins og um sjálfstætt fyrirtæki sé að ræða sem verður að bera ábyrgð á ákvörðunum sínum og það kallar á skilyrtar aðhaldsaðgerðir hjá fyrirtækinu en hlífir borgarstofnunum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



Tafla 1:

	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhagsáætlun 2011: Leið vijkandi lána
EFNAHAGSREIKNINGUR		
Eignir		
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	73.656.599	73.656.599
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	11.480.597	11.480.597
Aðrar eignir	1.348.501	1.348.501
Leigueignir	9.173.827	9.173.827
	<u>95.659.524</u>	<u>95.659.524</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignahlutir í félögum	6.563.920	6.563.920
Langtímakröfur	1.912.336	1.912.336
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	1.033.628	8.516.628
Aðrar langtímakröfur	2.674.827	2.674.827
	<u>12.184.711</u>	<u>19.667.711</u>
Fastafjármunir	<u>107.844.235</u>	<u>115.327.235</u>
Veltufjármunir:		
Birgðir	0	0
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur	6.699.706	6.699.706
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	1.228.240	1.228.240
Aðrar skammtímakröfur	1.281.227	1.281.227
Næsta árs afborganir langtímakrafna	112.260	112.260
Næsta árs greiðslur annarra langt.kr.	0	0
Verðbréf	0	0
Handbært fé	15.914.685	8.431.685
Veltufjármunir	<u>25.236.118</u>	<u>17.753.119</u>
Eignir samtals	<u>133.080.354</u>	<u>133.080.354</u>



Tafla 2:

	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhagsáætlun 2011: Leið vijkjandi lána
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT		
Rekstrarhreyfingar:		
Niðurstaða ársins.....	65.635	65.635
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Reiknaðar afskriftir	3.204.882	3.204.882
Verðbætur og gengismunur	469.784	469.784
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(420.800)	(420.800)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	17.156	17.156
Aðrar breytingar	0	0
Breytingar á skuldbindingum	1.100.000	1.100.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	4.436.657	4.436.657
Breytingar á skammtímalíðum:		
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	104.000	104.000
Afborganir skuldbindinga	(1.400.000)	(1.400.000)
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.296.000)	(1.296.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	3.140.657	3.140.657
Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(5.800.000)	(5.800.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	440.000	440.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(185.635)	(185.635)
Langtímakröfur, breyting.....	90.777	7.392.223
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting..	(108.172)	(108.172)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(5.563.030)	(13.046.030)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0
Breyting á hlutfé.....	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(447.946)	(447.946)
Tekin ný langtímalán.....	6.300.000	6.300.000
Afborganir langtímalána.....	(1.295.316)	(1.295.316)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	4.556.738	4.556.738
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.134.365	(5.348.635)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	13.780.321	13.780.321
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	15.914.686	8.431.685



Tafla 3:

	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhagsáætlun 2011: Leið vikjandi lána	Fjárhagsáætlun 2011: Leið eiginfjárframlags
REKSTRARREIKNINGUR			
Tekjur:			
Skatttekjur.....	50.679.202	50.679.202	50.679.202
Framlög jöfnunarsjóðs.....	(2.366.861)	(2.366.861)	(2.366.861)
Aðrar tekjur.....	11.555.180	11.555.180	11.555.180
	<u>59.867.521</u>	<u>59.867.521</u>	<u>59.867.521</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld.....	32.052.358	32.052.358	32.052.358
Annar rekstrarkostnaður.....	24.501.207	24.501.207	24.501.207
Afskriftir.....	3.204.882	3.204.882	3.204.882
	<u>59.758.447</u>	<u>59.758.447</u>	<u>59.758.447</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	109.074	109.074	109.074
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(43.439)	(43.439)	(417.589)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	1.851.472	1.851.472	1.477.322
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	64.642	64.642	64.642
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.959.553)	(1.959.553)	(1.959.553)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0
	<u>(43.439)</u>	<u>(43.439)</u>	<u>(417.589)</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u>65.635</u>	<u>65.635</u>	<u>(308.515)</u>



Tafla 4:

	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhagsáætlun 2011: Leið virkjandi lána	Fjárhagsáætlun 2011: Leið eiginfjárframlags
EFNAHAGSREIKNINGUR			
Eignir			
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir	73.656.599	73.656.599	73.656.599
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	11.480.597	11.480.597	11.480.597
Aðrar eignir	1.348.501	1.348.501	1.348.501
Leigugeignir	9.173.827	9.173.827	9.173.827
	<u>95.659.524</u>	<u>95.659.524</u>	<u>95.659.524</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignahlutir í félögum	6.563.920	6.563.920	14.046.920
Langtímakröfur	1.912.336	1.912.336	1.912.336
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	1.033.628	8.516.628	1.033.628
Aðrar langtímakröfur	2.674.827	2.674.827	2.674.827
	<u>12.184.711</u>	<u>19.667.711</u>	<u>19.667.711</u>
Fastafjármunir	<u>107.844.235</u>	<u>115.327.235</u>	<u>115.327.235</u>
Veltufjármunir:			
Skammttímakröfur:			
Óinnheimtar tekjur	6.699.706	6.699.706	6.699.706
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki	1.228.240	1.228.240	1.228.240
Aðrar skammttímakröfur	1.281.227	1.281.227	1.281.227
Næsta árs afborganir langtímakrafna	112.260	112.260	112.260
Næsta árs greiðslur annarra langt. kr.	0	0	0
Verðbréf	0	0	0
Handbært fé	<u>15.914.685</u>	<u>8.431.685</u>	<u>8.057.535</u>
Veltufjármunir	<u>25.236.118</u>	<u>17.753.119</u>	<u>17.378.969</u>
Eignir samtals	<u>133.080.354</u>	<u>133.080.354</u>	<u>132.706.204</u>
Eigið fé og skuldir			
Eiginfjárreikningar:			
Eigið fé	78.007.862	78.007.862	77.633.712



Tafla 5:

	Fjárhags- áætlun 2011	Fjárhagsáætlun 2011: Leið vikjandi lána	Fjárhagsáætlun 2011: Leið eiginfjárframlags
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT			
Rekstrarhreyfingar:			
Niðurstaða ársins.....	65.635	65.635	(308.515)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Reiknaðar afskriftir	3.204.882	3.204.882	3.204.882
Verðbætur og gengismunur	469.784	469.784	469.784
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(420.800)	(420.800)	(420.800)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	17.156	17.156	17.156
Aðrar breytingar	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	4.436.657	4.436.657	4.062.507
Breytingar á skammtímalíðum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) ...	104.000	104.000	104.000
Afborganir skuldbindinga	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.296.000)	(1.296.000)	(1.296.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	3.140.657	3.140.657	2.766.507
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(5.800.000)	(5.800.000)	(5.800.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	440.000	440.000	440.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(185.635)	(185.635)	7.297.365
Langtímakröfur, breyting.....	90.777	(7.392.223)	90.777
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting..	(108.172)	(108.172)	(108.172)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(5.563.030)	(13.046.030)	(13.046.030)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0
Breyting á hlutfé.....	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(447.946)	447.946	(447.946)
Tekin ný langtímalán.....	6.300.000	6.300.000	6.300.000
Afborganir langtímalána.....	(1.295.316)	(1.295.316)	(1.295.316)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	4.556.738	4.556.738	4.556.738
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.134.365	(5.348.635)	(5.722.785)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	13.780.321	13.780.321	13.780.321
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	15.914.686	8.431.685	8.057.536



Tafla 6:

Svið	Fjárhags- áætlun 2011	Eftir hækkun á ársgrunnvelli	Hækkun 2011	Áætlun 2011 að meðt hækkun
ÍTR	70,1	75,7	3,7	73,9
LSR	21,4	23,1	1,1	22,5
MOF	8,7	9,4	0,5	9,2
MSR	75,9	82,0	4,0	79,9
RHS	18,1	19,5	1,0	19,0
USR	2,5	2,7	0,1	2,6
VEL	7,7	8,4	0,4	8,2
FER	29,8	32,2	1,6	31,4
Alls	234,3	253,0	12,5	246,7



Minnisblað

Efni: Nauðasamningar/gjaldþrot í stað aðgerðaáætlunar vegna OR
Viðtakandi: Borgarstjóri. Formaður borgarráðs.
Sendandi: Fjármálastjóri

Á kynningarfundum fyrir borgarfulltrúa mánudaginn 21. mars sl kom fram fyrirspurn til fjármálastjóra um hvort sá kostur hafi verið skoðaður af hálfu Reykjavíkurborgar að leita nauðsamninga við lánveitendur Orkuveitu Reykjavíkur eða setja fyrirtækið í gjaldþrot í stað fyrirbyggjandi aðgerðaáætlunar vegna OR.

Eigendur OR bera einfalda og hlutfallslega ábyrgð á skuldum fyrirtækisins. Eignarhlutur Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu nemur rúmlega 93,539%. Með einfaldri ábyrgð er átt við að kröfuhafi verður, þegar skuld er gjaldfallin, fyrst að leita fullnustu kröfu sinnar hjá skuldara (OR) og getur ekki gengið að ábyrgðaraðila (eiganda) fyrr en sýnt hefur verið fram á að skuldari sé ekki greiðslufær. Í hlutfallslegri ábyrgð felst að hver eigandi ber ábyrgð á skuldbindingum OR í samræmi við eignarhlut sinn í fyrirtækinu. Ábyrgð Reykjavíkurborgar verður virk þegar lánveitandi hefur fullreynt að OR getur ekki greitt samningsbundna greiðslu. Við þær aðstæður getur lánveitandi eftir atvikum gjaldfellt eftirstöðvar láns. Lánveitendur OR eru vel meðvitaðir um eðli ábyrgðar Reykjavíkurborgar og annarra eigenda og þekkja lögin um sameignarfyrirtækið¹ og sameignarsamning eigenda.

Sveitarfélög á Íslandi lúta sveitarstjórnarlögum og samkvæmt þeim geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota². Lánveitendur eiga þess vegna að geta gengið út frá því sem vísu að skuldir sveitarfélaganna verði greiddar með tekjum þeirra. Segja má að útsvar hlutaðeigandi sveitarfélaga sé þeirri fullnustu til tryggingar. Lánveitendur hafa þess vegna enga ástæðu til að fallast á málaleitan OR um nauðasamninga þegar þeir geta treyst á fullnustu greiðsluskuldbindinga hjá bakábyrgðaraðilum.

Ef eigendur OR myndu velja að leysa ekki fjármögnunarmála fyrirtækisins við núverandi aðstæður myndu kröfuhafar ganga að fyrirtækinu og freista með öllum tiltækum ráðum að ná kröfum sínum út úr því. Það gæti haft í för með sér lamandi áhrif á starfsemi fyrirtækisins og jafnvel leitt það í þrot. Það myndi hins vegar ekki breyta ábyrgðum sveitarfélaganna á greiðsluskuldbindingum OR og lánveitendur myndu áreiðanlega fylgja kröfum sínum eftir uns þær væru að fullu greiddar.

Í þessu ljósi er valkosturinn að leita nauðsamninga vegna lána OR eða láta fyrirtækið fara í þrot ekki fýsilegur frá sjónarmiði eigenda, sérstaklega ef unnt er að tryggja fjármögnun og rekstrarhæfi fyrirtækisins með aðgerðum á vettvangi fyrirtækisins sjálfs og með aðkomu eigenda eins og gert er í fyrirbyggjandi aðgerðaáætlun.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

¹ Sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfélagsins Orkuveitu Reykjavíkur

² Sbr. 4. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998